



Seltjarnarnesi, 6. mars 2020

Ágætu þjónustuþegar félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar.

Boðuð verkföll félagsmanna Sameykis og Eflingar hefjast mánudaginn 9. mars ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Komi til verkfalla hefur það ýmis áhrif á starfsemi félagsþjónustunnar þar sem mikill fjöldi starfsfólks er í þessum félögum. Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi:

- Heimaþjónusta skerðist og verður aðeins sinnt í sérstökum tilvikum. Sótt hefur verið um undanþágu frá verkfalli fyrir starfsfólk sem sinnir lyfjagjöf. Hefðbundin innlit, þrif og aðstoð við böðun fellur niður.
- Matur á Skólabraut 3-5 og í Eiðismýri 30 kemur í matarbökkum og notast verður við einnota borðbúnað.
- Félagsstarf fyrir eldri bæjarbúa fellur niður. Seltjarnarnesbær mun ekki innheimta gjöld fyrir þá daga sem þjónustan verður ekki í boði.
- Húsvörslu á Skólabraut 3-5 verður ekki sinnt og þrif falla niður.

Tekið skal fram að **ekki** verður röskun á eftirfandi þjónustu:

- Ferðaþjónusta fatlaðra helst óbreytt.
- Starfsemi dagvistar í Seltjörn verður með óbreyttum hætti.
- Sambýlið að Sæbraut 2 heldur óbreyttri starfsemi.
- Starfsemi barnaverndar verður með óbreyttum hætti.

Vonandi ná samningsaðilar samkomulagi þannig að ekki komi til skerðingar á á starfsemi félagsþjónustu.

Virðingarfyllt

Baldur Pálsson,
Sviðsstjóri
Fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar